


Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um tekjuskatt


Umsögn BHM varðar þann þátt frumvarpsins er lýtur að lækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts til byggienda og eigenda íbúðarhúsnæðis úr 60% í 35%. *Mælir bandalagið með að lækkunin nái fram að ganga og sérstaklega í ljósi yfirlýsts markmiðs stjórnvalda um að draga úr þenslu, verðbólguþrýstingi og verðbólguvæntingum.* Tekur bandalagið jafnframt undir þau sjónarmið er komu fram í [minnisblaði fjármálaráðuneytisins til Efnahags- og viðskiptanefndar í lok árs 2021](#) og í grein fjármála- og efnahagsráðherra í Morgunblaðinu í byrjun apríl 2023. Var þar lýst andstöðu við ákall atvinnulífsins um framlengingu óbreytts endurgreiðsluhlutfalls í ljósi framleiðsluspennu, góðrar stöðu í byggingariðnaði og jafnræðis milli atvinnugreina. Fjallað er nánar um þetta að neðan.

1. Mest framleiðsluspenna í byggingariðnaði af öllum atvinnugreinum


Eins og fjallað var um í [umsögn bandalagsins um fjármálaáætlun 2024-2028](#) er framleiðslupennan í hagkerfinu mikil í sögulegu samhengi. Sést það m.a. á því að hlutfall fyrirtækja sem starfa nærri eða umfram hámarksframleiðslugetu hefur ekki mælst hærra í 16 ár. Gangi hagvaxtarspár fyrir árið 2023 og 2024 eftir mun hagvöxtur verða nær þrisvar sinnum meiri en á evrusvæðinu. *Veigamiklar ráðstafanir í ríkisfjármálum munu verða verðbólguvaldandi við þessar aðstæður.*




Flest bendir til að byggingariðnaður sé sú grein sem býr við mesta framleiðsluspennu á almennum markaði. Sést það m.a. á því að hlutfall lausra starfa í greininni mælist nú um 8%, það mesta í samanburði atvinnugreina. Er það merki um mikla þenslu í greininni og að fyrirtækin vilji auka við sig vinnuafli. Meðalfjöldi starfandi á 2022Á4 var einnig um 14% meiri en á árinu 2008.



Aðrir mælikvarðar á umsvifin í greininni segja svipaða sögu af þenslu og góðu gengi. Velta á föstu verðlagi í byggingu húsnæðis er nú nær þriðjungur meiri en á árinu 2008 og vísitala verðmætasköpunar í greininni í heild sýnir að hún hefur náð fyrri umsvifum. Sjá myndir á næstu síðu.




Mælikvarðar á arðsemi greinarinnar sýna jafnframt að bygging íbúðarhúsnæðis hefur aldrei verið eins arðbær og á árinu 2022. Hlutfall markaðsverð fjölbýlis og byggingarvísitölunnar er nú mun hærra en á fyrra metári, árinu 2007.¹ Endurgreiðslur virðisaukaskatts munu gera lítið til að auka framboð við þessar aðstæður, verða verðbólguvaldandi og tífærast hlutfallslega mikið í hagnað greinarinnar.



2. Virðisaukaskattskerfið er mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs

Samkvæmt fyrrgreindu minnisblaði [fjármálaráðuneytisins til Efnahags- og viðskiptanefndar í lok árs 2021](#) vörðu stjórnvöld alls um 70 milljörðum króna í endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna íbúðarhúsnæðis og COVID- útvíkanir á árunum 2015-21. Hefur þetta haft töluverðan fórnarkostnað í för með sér enda er virðisaukaskattskerfið mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs en skattar af vöru- og þjónustu nema alla jafna helmingi af heildarskatttekjum. Sjá mynd að neðan og á næstu síðu.




¹ Í umsögnnum hagsmunaaðila hefur verið bent á að byggingarvísitalan sé þjöguð og innihaldi m.a. ekki fjármagnskostnað. Af þeim sökum sé samanburður á markaðsverði og byggingarvísitölu ómarktækur mælikvarði á arðsemi. Þessi rök eru lítilvæg. Hugsanlegar skekkjur í byggingarvísitölunni eru samkvæmar yfir tíma og ályktanir um hlutfallslega arðsemi milli ára því marktækar og háðar lítilli óvissu. Hafa ber þá í huga að vægi fjármagnskostnaðar í byggingarkostnaði var lágt á árunum 2020 og 2021.



Að mati BHM eru ívilnanir í virðisaukaskattskerfinu réttlætanlegar ef ábati hagkerfisins og skattgreiðenda er meiri en fórnarkostnaðurinn. Líklegt er að þetta skilyrði hafi verið uppfyllt á árunum eftir hrun hvað varðar úrræðið „Allir Vinna“ en þau skilyrði eru ekki til staðar á árinu 2023. **Að mati BHM er lækkun endurgreiðsluhlutfallsins því ekki aðeins ábyrg aðgerð heldur nauðsynleg.** Sú staða gæti þó vel komið upp á næsta áratug að auka verði endurgreiðsluhlutfallið að nýju. Ekkert bendir þó til að atvinnugreinin þurfi sérstakar ívilnanir nú um stundir til að geta haldið uppi ásættanlegri arðsemi fyrir eigendur fyrirtækja og háu framleiðslustigi fyrir samfélagið.

Virðingarfyllst,



Vilhjálmur Hilmarsson,
Hagfræðingur BHM



Friðrik Jónsson,
formaður BHM